

7. maí 2020



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Ársskýrsla 2019

Ársskýrsla 2019

Útg. 7. maí 2020

Umsjón: Dagný Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu

Uppsetning og frágangur: Teitur Erlingsson, umsjónarmaður kennslukerfa

Háskólinn á Bifröst

Efnisyfirlit

Starfsemi Háskólans á Bifröst 2019.....	1
Aðalfundur	4
Fulltrúaráð	4
Stjórn skólans	5
Stjórn Háskólans á Bifröst:.....	5
Háskólaráð	6
Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2018 – 2019:.....	7
Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2019 – 2020:.....	7
Gæðastarf Háskólans á Bifröst.....	8
Gæðaráð íslenskra háskóla - innra og ytra mat	9
Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla.....	9
Jafnréttisnefnd	10
Jafnréttisnefnd 2018-2019:.....	10
Jafnréttisnefnd 2019-2020:.....	10
Kennslusvið	10
Félagsvísinda- og lagadeild	11
Grunnnám	11
Meistaránám	12
Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf.....	13
Viðskiptadeild.....	15
Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf.....	15
Háskólagátt	16
Símenntun.....	17
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst	17
Próunar- og alþjóðasvið.....	19
Náms- og starfsráðgjöf	21
Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa	21
Námskeið	21
Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf	22
Bóka- og skjalasafn	22
Starfsemin	22
Safnkostur	22
Notkunartölur.....	23
Heimasíða bókasafnsins.....	23
Samfélagsmiðlar	24

Samstarf við bókasöfn á Íslandi og erlendis.....	24
Skjalastjórnun.....	24
Kennslu- og nemendaskrárkerfi	25
Tölvuþjónusta.....	26
Hugbúnaður	26
Prentþjónusta.....	26
Netumhverfi	26
Markaðs- og kynningarmál	26
Háskóladagurinn.....	27
Markaðsstarf	27
Nemendafélag Háskólans á Bifröst	28
Hollvinasamtök Bifrastar	29
Ársreikningur 2019	31
Starfsfólk	35



Starfsemi Háskólans á Bifröst 2019

Háskólinn á Bifröst átti gott ár 2019. Nemendum skólans fjölgaði, námsframboð var aukið, rekstur skólans gekk vel og skilaði hagnaði þriðja árið í röð. Tækifærin voru nýtt til að styrkja innviði skólastarfsins.

Hagnaður af rekstri Háskólans á Bifröst á árinu 2019 var um 17 milljónir kr.. Stór skref hafa verið stigin til þess að ná góðum stöðugleika í fjármálum skólans. Skuldir hafa verið að greiðast niður og er hlutfall skulda af tekjum nú nálægt 50% og fer væntanlega lækkandi. Skólinn greiðir ekki lengur dráttarvexti og yfirdráttarheimild var ekki nýtt á árinu 2019. Skólinn er þó enn með neikvætt eigið fé en mestu skiptir að öll lán eru í skilum og svigrúm hefur myndast til fjárfestinga, átaks í viðhaldi og endurbótum eigna.



Útskriftarávarp rektors, vor 2019

Framlag ríkisins til skólans nam 496,9 milljónum kr. á árinu 2019 og hækkaði úr 459,3 milljónum kr. frá fyrra ári. Tekjur af skólagjöldum námu 397,4 milljónum kr. á árinu 2019 og hækkuðu frá 359,4 milljónum kr. frá fyrra ári. Launakostnaður á árinu 2019 var 645,8 milljónir kr. en var 581,4 milljónir kr. á fyrra ári. Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliður skólans og jafnan um 70% af heildarkostnaði. Hækkun launakostnaðar milli ára stafar m.a. af auknu námskeiðsframboði og aðgerðum til að styrkja akademískar deildir skólans. Fjármálastjórn skólans hefur verið í sérlega öruggum höndum Hafsteins Sæmundssonar.

Aðsókn að Háskólanum á Bifröst var mjög góð á árinu 2019. Íslenskir nýnemar í grunnnámi voru 185. Þar af kom 31 inn í skólann á vorönn en 154 á haustönn, en haustin eru jafnan sú önn sem flestir koma nýir inn í skólann. Nýnemar í meistaranámi voru 139 og þar af komu 40 inn á vorönn en 99 á haustönn. Í Háskólagáttina komu 39 nýir nemendur. Alls voru 684 nemendur í skólanum á haustönn og fjölgaði þeim frá 655 á haustönn 2018. Aldrei hafa verið fleiri nemendur á haustönn í Háskólanum á Bifröst en 2019.

Háskólinn á Bifröst er í fararbroddi í fjarnámi meðal íslenskra háskóla og á haustönn 2019 voru 88% nemenda búsettir annars staðar en á Bifröst. Nemendur skólans koma víða að og hlutfallsleg skipting búsetu þeirra er áþekkt því sem almennt gildir meðal þjóðarinnar. Jafnan er nokkur hópur nemenda búsettur erlendis. Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á að hann komi til nemandans en ekki að nemandinn komi til skólans. Nemendur skólans eiga að geta stundað námið að mestu óháð því að þurfa að festa sig á einhverjum tilteknum stað eða á einhverjum tilteknum tíma en helsta undantekningin á

Þessu eru lokapróf sem þurfa að vera á tilteknum tíma. Skólanum hefur tekist vel að aðgreina sig og skilgreina sérstöðu sína meðal íslenskra háskóla.

Nýtt nemendaskrárkerfi, nýtt kennslukerfi og nýtt prófakerfi voru innleidd á árinu 2019. Nýja nemendaskrárkerfið er Ugly sem er jafnframt notað af opinberu háskólunum í landinu en kerfið er þróað af Háskóla Íslands og stýrt af honum. Innleiðing Ugly er framfaraskref og leiðir til hagræðingar á kennsluviði skólans og bætir öryggi í allri umsýslu með ferlum nemenda og upplýsingum um nám og kennslu í skólanum. Nýja kennslukerfið er Canvas en það er viðurkennt alþjóðlegt kerfi og hefur enn fremur verið innleitt af Háskóla Íslands sem þýðir að auðveldara verður að láta kerfin vinna saman. Inspera er nýja prófakerfið sem Háskóli Íslands hefur enn fremur tekið upp. Innleiðing þessara nýju kerfa styrkir mjög innviði skólastarfsins og kennsluvið skólans undir forystu Dagnýjar Kristinsdóttur en hún hefur unnið frábært starf við innleiðingu kerfanna.

Gæðamál fengu mikla athygli á árinu 2019. Þá hófst vinna við gerð stofnanaskýrslu (Reflective Analysis) vegna gæðaúttektar á skólanum sem er fyrirhuguð í október 2020. Áður höfðu bæði Viðskiptadeild og Félagsvísinda- og lagadeild sent frá sér sjálfsmatskýrslur. Sérstakur vinnuhópur hefur starfað að gerð skýrslunnar sem lögð verður fram í lok maí 2020. Þessi vinna hefur verið undir stjórn gæðastjóra, Stefáns Kalmanssonar, sem hefur verið í fullu starfi við gerð skýrslunnar en hún krefst umfangsmikillar gagnaöflunar og úrvinnslu um alla helstu þætti skólastarfsins auk þess sem farið er vel yfir allt það sem snýr að gæðamálum skólans og stefnur og verkferlar uppfærðir eins og við á.

Á árinu 2019 var unnið undirbúningsstarf að jafnlaunavottun sem felur í sér að skólinn mun uppfylla skilyrði um slíka vottun vel áður en skylda biður. Upphaflegt markmið var að jafnlaunavottunin fengist fyrir árslok en það gekk ekki eftir, væntanlega verður málið afgreitt í maí 2020. Í þessu ferli eru launakerfi skólans fyrir akademíska starfsmenn sem og starfsmenn í stjórnarsýslu og þjónustu gerð formleg og gegnsæ.

Á sérstökum stefnumótunarfundi árið 2017 var stefna skólans endurnýjuð en þennan fund sátu um 50 manns úr skólanum, stjórn, fulltrúaráði og baklandi hans. Þar var staðfest hlutverk skólans í 100 ára sögu hans sem er að vera viðskiptaháskóli sem menntar fólk til forystu í atvinnulífinu og samfélaginu auk þess sem skerpt var á ýmsum atriðum í stefnunni. Skólastarfið í Háskólanum á Bifröst tekur mið af þessari mörkuðu stefnu. Gildi skólans, frumkvæði, samvinna og ábyrgð eru höfð í heiðri og tilgangur skólans er að útskrifa skapandi og ábyrga einstaklinga sem vilja og geta eft atvinnulífið og bætt samfélagið.

Skólaárið 2019 – 2020 er það síðasta sem ég hef þann heiður að starfa sem rektor skólans en ég tók við því hlutverki í upphafi skólaársins 2013-2014. Þessi sjö ár hafa verið gefandi tími fyrir mig og fjölskyldu mína. Ég hef átt þess kost að vinna með mörgu frábæru starfsfólki og nemendum sem hafa unnið af miklum metnaði og heilindum fyrir skólann. Ég hef enn fremur verið svo lánsamur að vinna með

velviljaðri og samhentri stjórn allan þennan tíma fyrst undir formennsku Guðsteins Einarssonar og síðar Leifs Runólfssonar sem veitt hefur starfinu mikinn stuðning og fjölmörgum einstaklingum í fulltrúaráði skólans.

Skólinn gekk í gegnum mikla erfiðleika framan af þessum sjö árum en um mitt ár 2016 fór að sjást góður árangur af þeim breytingum sem gerðar voru í skólastarfinu. Nú stendur skólinn sterkur og á bjarta framtíð fyrir sér. Samstaða innan skólans og góður vilji í samfélaginu, sérstaklega hjá alþingismönnum Norðvesturkjördæmis áttu sinn þátt í því að árangur náðist.

Ég kveð því Háskólann á Bifröst með söknuði eftir góðan tíma á Bifröst en með gleði vegna þeirrar góðu framtíðar sem blasir við skólanum. Viðtakandi rektor, Margréti Jónsdóttur, óska ég velfarnaðar í þessu mikilvæga starfi.

Vilhjálmur Egilsson, Rektor

Aðalfundur

Aðalfundur Háskólans á Bifröst vegna ársins 2018 var haldinn 9. maí 2018 á Bifröst. Dr. Vilhjálmur Egilsson rektor flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi skólans árið 2018. Ársreikningur 2018 var lagður fram til kynningar og var hann samþykktur samhljóða. Farið var yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarféлага Háskólans á Bifröst 2019. Rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir yfirstandandi ár var kynnt. Löggiltur endurskoðandi skólans KPMG var kjörinn. Kosið var í fulltrúaráð og stjórn skólans.

Fulltrúaráð

Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál. Fulltrúaráð fundar a.m.k. einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Verkefni fundarins er að greina frá starfsemi háskólans og samþykkja ársreikning hans fyrir undanfarið rekstrarár.

Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst er skipað 15 einstaklingum og fimm til vara.

Þeir sem tilnefna í fulltrúaráð Háskólans á Bifröst eru: Borgarbyggð, háskólaráð Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtök Bifrastar, Samband íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtök atvinnulífsins. Hver þessara aðila tilnefnir þrjá fulltrúa og einn til vara.

Í fulltrúaráði á aðalfundi árið 2019 sátu eftirtaldir fulltrúar:

Fyrir Borgarbyggð:

Aðalmaður: Magnús Smári Snorrason

Aðalmaður: Geirlaug Jóhannsdóttir

Aðalmaður: Helgi Haukur Hauksson

Varamaður: Sigurður Guðmundsson

Fyrir Hollvinasamtök Bifrastar:

Aðalmaður: Andri Björgvin Arnþórsson

Aðalmaður: Hjörtur Smári Vestfjörð

Aðalmaður: Anna Ólöf Kristjánsdóttir

Varamaður: Ívar Örn Þráinsson

Fyrir Háskólaráð Háskólans á Bifröst:

Aðalmaður: Sigrún Lilja Einarsdóttir

Aðalmaður: Brynjar Þór Þorsteinsson

Aðalmaður: Helga Kristín Auðunsdóttir

Varamaður: Bjarni Heiðar Halldórsson

Fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga:

Aðalmaður: Ólafur Sigmarsson

Aðalmaður: Reimar Marteinson

Aðalmaður: Skúli Skúlason

Varamaður: Hannes Karlsson

Fyrir Samtök atvinnulífsins:

Aðalmaður: Davíð Þorláksson

Aðalmaður: María Guðmundsdóttir

Aðalmaður: Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

Varamaður: Vilhjálmur Hilmarsson

Stjórn skólans

Stjórn Háskólans á Bifröst er skipuð fimm einstaklingum tilnefndum til tveggja ára í senn af eftirtöldum aðilum: Borgarbyggð, háskólaráði Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtökum Bifrastar, Sambandi íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtökum atvinnulífsins. Þrír aðalmenn í stjórn eru tilnefndir annað hvert ár, en tveir aðalmenn í stjórn hin árin. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti. Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna.



Stjórn skólans mótar stefnu hans og setur honum reglugerð. Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stjórnin skal fylgjast með fjárhag Háskólans á Bifröst, einkum með því að tekjur standi undir kostnaði og skuldbindingum.

Stjórn og rektor Háskólans á Bifröst gera fulltrúaráði grein fyrir fjárhag og rekstri skólans á aðalfundi hvers árs.

Stjórn Háskólans á Bifröst:

Frá Borgarbyggð:

Aðalfulltrúi: Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri

Varafulltrúi: Sigurður Guðmundsson

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Aðalfulltrúi: Leifur Runólfsson, lögmaður

Varafulltrúi: Halldór Þ. Þorsteinsson

Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Aðalfulltrúi: Bryndís Hlöðversdóttir, ríkissáttasemjari

Varafulltrúi: Vífill Karlsson

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Aðalfulltrúi: Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Varafulltrúi: Guðsteinn Einarsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Aðalfulltrúi: Marteinn Jónsson, framkvæmdastjóri

Varafulltrúi: Bergþóra Halldórsdóttir

Formaður stjórnar er Leifur Runólfsson, lögmaður.

Háskólaráð

Vegna breytinga á reglugerð skólans sem tók gildi 1. ágúst 2016 breyttist hlutverk háskólaráðs nokkuð frá því að fara með æðsta vald í innri málum háskólasamfélagsins til þess að vera ráðgefandi í málum þess. Samsetning ráðsins breyttist hins vegar ekki, en þar sitja rektor, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, þrjú fulltrúar kennara sem kennslu- og rannsóknarráð tilnefdir, einn fulltrúi annarra starfsmanna háskólans sem tilnefndur er á starfsmannafundi, þrjú nemendur úr grunnnámi, einn fulltrúi nemenda Háskólagáttar og einn fulltrúi meistaranema. Fulltrúar nemenda eru kjörnir af nemendum.

Rektor er heimilt að bjóða fleiri aðilum seturétt í háskólaráði eftir því sem þurfa þykir. Þessir aðilar hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Gæðastjóri, fjármálastjóri og fulltrúi íbúaráðs sitja að öllu jöfnu fundi háskólaráðs. Háskólaráð fundar að jafnaði mánaðarlega yfir skólaárið. Fundargerðir ráðsins eru birtar á vef skólans.

Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2018 – 2019:

Vilhjálmur Egilsson, rektor

Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu til 1.apríl 2019,

Dagný Kristinsdóttir kom inn í hennar stað frá þeim tíma.

Guðrún Björk Friðriksdóttir, fulltrúi starfsmanna

Sigrún Lilja Einarsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Unnar Steinn Bjarndal, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Einar Svansson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Brynjar Elefsen Óskarsson, fulltrúi meistaranema

Bjarni Heiðar Halldórsson, fulltrúi grunnema

Daniel Alexander Carthart Jones, fulltrúi grunnema

Hafdís Jóhannsdóttir, fulltrúi grunnema

Birgitta Dögg Bender, fulltrúi Háskólagáttarnema

Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2019 – 2020:

Vilhjálmur Egilsson, rektor

Dagný Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu

Margrét Vagnsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Njörður Sigurjónsson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Jón Snorri Snorrason, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Helga Kristín Auðunsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs

Erna Guðrún Kaaber, fulltrúi meistaranema

Bjarni Heiðar Halldórsson, fulltrúi grunnema

Leifur Finnbogason, fulltrúi grunnema

Hafdís Jóhannsdóttir, fulltrúi grunnema

Magni Freyr Möller Magnússon, fulltrúi Háskólagáttarnema

Gæðastarf Háskólans á Bifröst

Háskólinn á Bifröst leitast við að mæta kröfum um gæði í öllu sínu starfi og tekur gæðastefna háskólans mið af því markmiði. Gæðastarfinu er ætlað að vinna að því bæta og efla gæði náms, kennslu og rannsókna við háskólann og með því að bjóða upp á lærdómssamfélag sem mætir íslenskum og alþjóðlegum gæðakröfum sem og að tryggja gæði prófgráða frá háskólanum. Gæðakerfið á að taka mið af og leitast við að uppfylla kröfur sem gerðar eru til ytra og innra mats háskóla. Gæðastarfið þarf að vera opið, gagnsætt, einkennast af gagnrýnum og framsýnum viðhorfum og fela í sér viðleitni til stöðugra umbóta.

Starfsemi Háskólans á Bifröst felur í sér þátttöku í evrópska háskólasvæðinu (e. European Higher Education Area). Gæðakerfi háskólans tekur mið af leiðbeiningum sem settar eru fram í ritinu *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area*. Háskólinn á Bifröst starfar eftir rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi, leitast við að uppfylla kröfur Gæðaráðs íslenskra háskóla og tekur virkan þátt í samstarfi háskóla á sviði gæðamála á vettvangi ráðgjafanefndar gæðaráðsins.



Frá misserisvörnum 2019

Gæðahandbók Háskólans á Bifröst felur í sér lýsingu á gæðakerfi skólans, afmörkun verkefna og ábyrgðar og verklagsreglur sem móta starf skólans um nám, kennslu, rannsóknir og aðra helstu þætti í starfsemi hans. Á árinu 2019 var lokið við endurskoðun gæðahandbókar háskólans, sem fól meðal annars í sér einföldun á framsetningu og í sumum tilvikum skiptingu í reglur annars vegar og leiðbeiningar hins vegar. Gæðaskjöl voru sett fram í afmörkuðum handbókum um umbótamiðað gæðastarf, um nám og kennslu, um mannauðsmál og um alþjóðamál. Jafnframt voru stefnur háskólans og verklagsreglur í ýmsum málum endurskoðaðar og tóku gildi frá nýju skólaári 1. ágúst. Frekari vinna fer fram á næstu misserum við að þróa innri verklagsreglur í starfsemi háskólans.

Aukin áhersla hefur verið lögð á að safna saman lykiltölum og öðrum gögnum sem nýtast í innra mati skólans, samhliða Uglu, nýju nemendaskráningakerfi skólans, sem tekið var í notkun í ágúst. Þessu tengt er vinna á vettvangi Gæðaráðsins og allra háskóla landsins við að móta og þróa sameiginlega gæðavísa. Á árinu var sett af stað vinna skv. áætlunum úr sjálfsmatsskýrslum háskóladeilda um reglubundna endurskoðun á innihaldi námslína og verður þeirri vinnu framhaldið á árinu 2020. Áfram var unnið að tilteknum gæðaverkefnum sem tengjast námi og kennslu og var sjónum m.a. beint að framkvæmd

vinnuhelga á Bifröst, sem stýrt var af fulltrúum viðskiptadeildar. Stefán Kalmansson var gæðastjóri Háskólans á Bifröst á árinu 2019.

Gæðaráð íslenskra háskóla - innra og ytra mat

Gæðaráð íslenskra háskóla hefur sett fram rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (e. Quality Enhancement Framework Handbook) og birt í sérstakri handbók sem var endurskoðuð á árinu 2017. Kveður rammaáætlun á um að á fimm til sjö ára tímabili skuli fara fram kerfisbundið mat á gæðum háskólastarfs á Íslandi. Felst matið annars vegar í innra mati (sjálfsmati) faglegra eininga innan háskólanna og hins vegar í ytra mati á háskólum.

Gæðaráðið hefur tilkynnt Háskólanum á Bifröst að næsta úttekt (ytra mat) á háskólanum fari fram haustið 2020 og er það ráðgert í lok október. Það ferli hófst haustið 2017 með innra mati faglegra eininga þegar vinnu við sjálfsmat viðskiptadeildar hófst. Haustið 2018 hófst samsvarandi vinna við sjálfsmat Félagsvísinda- og lagadeildar. Sjálfsmatsskýrsla deildarinnar var tilbúin á vormánuðum 2019 og kynnt fulltrúum Gæðaráðsins á fundum í september og nóvember 2019. Fulltrúi Gæðaráðsins var Ellen Hazelkorn.

Andrée Sursock, formaður Gæðaráðs íslenskra háskóla, heimsótti Bifröst 2. september ásamt framkvæmdastjóra Gæðaráðs. Andrée átti fund með rektor, deildarforseta viðskiptadeildar og gæðastjóra. Andrée lagði áherslu á gott samtarf og vilja Gæðaráðsins til að styðja háskólana við að halda uppi umbótamiðuðu gæðastarfi. Háskólinn kynnti starf skólans og Andrée kom með ýmsar ábendingar sem tengjast meðal annars gæðum náms og kennslu þegar kennt er í fjarnámi.

Í lok árs 2018 var stofnaður starfshópur undir stjórn rektors um innra mat stofnunar sem hefur það verkefni að taka saman sjálfsmatsskýrslu um gæðastarf háskólans (Reflective Analysis) sem, ásamt sjálfsmatsskýrslum háskóladeilda, mun liggja til grundvallar á ytra mati á starfi háskólans haustið 2020. Starfshópurinn stóð m.a. fyrir endurskoðun á stefnum skólans og gæðahandbókum, rýnihópafundum með nemendum og kennurum og framkvæmdi ýmsar greiningar m.a. út frá tölfræðigögnum og niðurstöðum spurningakannana. Haldnir voru tíu fundir á árinu 2019 og lýkur starfshópurinn störfum á vormánuðum 2020.

Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla

Samhliða Gæðaráðinu starfar ráðgjafarnefnd sem er skipuð fulltrúum háskólanna, stúdenta (LÍS) og Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ráðgjafarnefndin er tengiliður á milli Gæðaráðsins og háskólanna og situr formaður nefndarinnar fundi ráðsins. Auk þess að vera Gæðaráði til ráðgjafar um framkvæmd rammaáætlunarinnar er ráðgjafarnefndin samráðsvettvangur háskólanna og gengst fyrir málþingum og fræðslu um gæðamál. Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs starfar á grundvelli ákvæða í handbók Gæðaráðs íslenskra háskóla. Verkefni þess eru tilgreind í handbókinni og myndar ráðið eins og áður getur

mikilvægan samráðsvettvangur íslenskra háskóla á sviði gæðamála. Stefán Kalmannsson gæðastjóri var fulltrúi Háskólans á Bifröst í ráðgjafarnefndinni á árinu 2019.

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd 2018-2019:

Páll Rafnar Þorsteinsson, formaður

Sólveig Hallsteinsdóttir, fulltrúi starfsfólks

Helga Sigurlína Halldórsdóttir, fulltrúi nemenda

Jafnréttisnefnd 2019-2020:

Dr. Ingólfur Arnarson, formaður

Sólveig Hallsteinsdóttir, fulltrúi starfsfólks

Helga Sigurlína Halldórsdóttir, fulltrúi nemenda

Hlutverk jafnréttisnefndar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála innan Háskólans á Bifröst. Jafnréttisáætlun skólans er endurskoðuð af jafnréttisnefnd en framkvæmd og ábyrgð er í höndum rektors.

Skólaárið 2014-2015 var hafist handa við endurskoðun á jafnréttisáætlun skólans. Þeirri endurskoðun lauk árið 2019. 12.fundur samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa háskólanna var haldin á Bifröst 23-24. maí. Á fundinum var farið yfir mál hvers skóla fyrir sig og aðgerðir ræddar.

Kennslusvið

Verkefni kennslusviðs lúta að framkvæmd kennslu og þjónustu og heildarþjónustu við nemendur, kennara og annað starfsfólk skólans. Meðal verkefna sviðsins er umsjón með kennslukerfum, nemendaskrá skólans, útskriftum, móttöku umsókna, útgáfu vottorða eða annarra staðfestinga vegna náms, umsýslu vegna lokaritgerða, framkvæmda lokaprófa, náms og starfsráðgjöf og umsjón með starfsnámi svo nokkur verkefni séu upptalin. Starfsmenn kennslusviðs sjá einnig um mikilvæga þætti í skólastarfinu eins og framkvæmd kennslumats og skipulagningu á vinnuhelgum. Eins er skipulag skólaársins, lotuskiptingar og tölfræði skólans á ábyrgð sviðsins.

Á árinu 2019 urðu breytingar á starfsmannahópi sviðsins, þrjú hættu störfum á árinu en tveir starfsmenn sem voru í öðrum störfum innan skólans færðust yfir á kennslusvið. Ekki minni breytingar urðu á nemendaskrá og kennslukerfum skólans, þar sem hætt var að styðjast við Myschool og í staðinn tekin upp Ugly sem nemendaskrákerfi og Canvas sem kennslukerfi skólans. Einnig var skipt um prófkerfi en í stað Exam4 var Inspera tekið upp.

Mikil vinna fer í að halda utan um prófahald skólans, þar sem prófavikur eru fjórar yfir veturinn og sjúkraprófsvikur jafnmargar. Með tilkomu Inspera prófkerfsins hafa opnast tækifæri til meiri fjölbreytni í námsmati og ekki síður fyrir prófstjóra að fylgjast með próftöku og prófunum sjálfum eftir að prófi lýkur.

Á haustmánuðum var mikil áhersla lögð á fræðslu til kennara vegna innleiðingar tölvukerfanna. Það var gert með ýmsum hætti, námskeiðahaldi, stuttum fræðslumyndböndum en hvað mest með einstaklingsbundinni nálgun. Innleiðingin gekk ágætlega en bratt er að innleiða þrjú kerfi í einu.

Í lok árs störfuðu níu einstaklingar á kennsluviði, sjö konur og tveir karlmenn. Átta í fullu starfi en einn í hlutastarfi.



Frá nýnemadögum grunn- og meistaranema 2019

Félagsvísinda- og lagadeild

2019 var annað starfsár sameinaðrar félagsvísinda- og lagadeildar, en deildarforseti hennar er Dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon, dósent og staðgengill hans er Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor. Í deildarráði á árinu 2018 sátu Dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon, dósent og forseti félagsvísinda- og lagadeildar, Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor og Hafdís Jóhannsdóttir, nemandi í viðskiptalögfræði.

Skólaárið 2019 – 2020 hófst með móttöku nýnema í ágúst þar sem áherslur námsins, kennslufyrirkomulag og kennsluaðferðir voru kynntar. Á skólaárinu 2019-2020 voru í boði fjórar námsbrautir í grunnnámi.

Grunnnám

BS í viðskiptalögfræði

Aðsókn í grunnnám í viðskiptalögfræði var þökkaleg haustið 2019. Háskólinn á Bifröst var fyrstur háskóla á Íslandi til að bjóða upp á annað nám á sviði lögfræði en í lagadeild HÍ. Þróun í kennslu í fjarnámi í viðskiptalögfræði hefur haldið áfram eftir að byrjað var að kenna viðskiptalögfræði í fjarnámi haustið 2015. Jafnframt hefur verið boðið uppá BS í viðskiptalögfræði með vinnu, sem hefur mælst ágætlega fyrir.

BA í miðlun og almannatengslum og

BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)

Aðsókn í nám í miðlun og almannatengslum haustið 2019 var þokkaleg svo og í HHS. Námslínurnar eru að hluta til samþættar.

Nýsköpun í grunnnámi – nýjar námsbrautir

Haustið 2019 var farið af stað með nýtt BA nám í opinberri stjórnsýslu og lagður grunnur að því að bjóða upp á diplómanám í skapandi greinum haustið 2020.

Fyrsti hópurinn í diplómanámi í opinberri stjórnsýslu, sem hóf nám haustið 2017, er að ljúka námi vorið 2020.

Meistaránám

Fjórar námsbrautir eru nú kenndar á meistarastigi í félagsvísinda- og lagadeild, en stefnt er að inntöku í þá fimmtu, Nordics in the Global Society, á haustönn 2020.

MA / MCM í menningarstjórnun

Aðsókn að meistaránámi í menningarstjórnun hefur verið stöðug og góð undanfarin ár en fimmtán ár eru nú síðan námið hóf göngu sína. Boðið er uppá tvær áherslulínur; annars vegar 90 ECTS MA-gráðu sem nemendur ljúka með því að skrifa 30 ECTS lokaritgerð og hins vegar 90 ECTS MCM-gráðu (Master of Cultural Management) með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf þar sem nemendur vinna 12 ECTS hagnýtt lokaverkefni. Námslínur í menningarstjórnun eru í stöðugri endurskoðun og hefur áherslan verið m.a. á að auka við stjórnunar og nýsköpunarþátt námsins. Nemendur sem lokið hafa meistaránámi í menningarstjórnun starfa víða innan menningargeirans á Íslandi í dag, og þá einkum við skapandi miðlun og stjórnunarstörf

ML / MBL í viðskiptalögfræði

Ný námslína í meistaránámi í viðskiptalögfræði fór af stað í janúar 2017. Nemendur geta bæði tekið 120 ECTS ML-gráðu (sem lýkur með 30 ECTS ritgerð) eða 90 ECTS MBL-gráðu (Master of Business Law) án meistararitgerðar. MBL-námið er eina nám sinnar tegundar á Íslandi – það er stjórnendamiðað og meginmarkmið þess er að undirbúa nemendur fyrir stjórnendastörf í viðskiptalífínu og veita þeim jafnframt trausta, fræðilega þekkingu á sviði viðskiptalögfræði sem nýtist þeim í fjölbreytilegu starfsumhverfi. Unnt er að ljúka náminu á þremur önnum án ritgerðar, eða fjórum önnum með meistararitgerð. Hver nemandi getur tekið námið á þeim hraða sem viðkomandi hentar og námið er ekki síst hugsað fyrir þá sem vilja sækja sér framhaldsmenntun samhliða vinnu.



Útskriftarnemar úr félagsvísindadeild, vor 2019

Diplómanám á meistarastigi í viðskiptalögfræði

Boðið er upp á tvenns konar diplómagráður á meistarastigi í viðskiptalögfræði. Diplómanám í samningatækni og sáttamiðlun er 30 ECTS nám sem miðar að því að kenna nemendum hagnýtar aðferðir í samningatækni og sáttamiðlun. Námið veitir stjórnendum verkfæri til að takast á við erfið samskipti og leysa úr deilumálum. Diplómanám í fyrirtækjalögfræði er sömuleiðis 30 ECTS viðbótarnám á meistarastigi sem miðar að því að þjálfa nemendur í hagnýtum og fræðilegum þáttum er lúta að lagalegum þáttum í viðskipta- og rekstrarumhverfi fyrirtækja.

MA í Nordics in the Global Society

MA námið í International Political Economy (IPE) er þverfaglegt nám með víða skírskotun og traustar undirstöður í stöðu Háskólans á Bifröst sem norræns háskóla. Námið býr nemendur undir vinnu á alþjóðavettvangi, t.a.m. í alþjóðastofnunum, frjálsum alþjóðlegum félagasamtökum, alþjóðlegum fyrirtækjum, fjölmiðlum og á öðrum þeim stöðum þar sem haldgóð þekking á samþættum efnahagslegum og stjórnmálalegum veruleika heimsins er verðmæt. Námið er alfarið á ensku.

Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Árið 2019 var ár rannsóknarvirkni á meðal akademískra starfsmanna í félagsvísinda- og lagadeild.

Afraksturinn birtist m.a. í greinum og bókarköflum og þátttöku fjölmargra í ráðstefnum, bæði heima og erlendis. Nokkrir af okkar akademísku starfsmönnum voru áberandi í umfjöllunum bæði innlendra og erlendra fjölmiðla, einkum á sviði stjórnmálafræði og hagfræði. Af helstu afrekum á sviði rannsókna má nefna eftirfarandi:

Við Rannsóknasetur í menningarstjórnun er unnið að rannsóknum á sviði menningarstjórnunar, menningarhagfræði, félagsfræði menningar og menningarfræða. Setrið var sett á fót árið 2007 af Háskólanum á Bifröst, Íslensku óperunni og Félagi íslenskra hljómlistarmanna. Tilgangur þess var að stuðla að margvíslegum rannsóknum á sviði menningarmála og á hlutverki menningar í samfélaginu. Umsjónarmenn setursins eru dr. Njörður Sigurjónsson prófessor og og dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir dósent og stunda þau bæði rannsóknir tengdar setrinu. Á árinu 2019 stóð setrið fyrir norrænni ráðstefnu á Bifröst um rannsóknir á menningarstefnu (NCCPR Nordic Conference on Cultural Policy Research). Ráðstefnan er haldin annað hvert ár í einhverju Norðurlandanna og er þetta í níunda sinn sem ráðstefnan var haldin en í fyrsta sinn á Íslandi. Á Bifröst komu, í lok ágúst, um 100 fræðimenn víða að úr heiminum og var gerður góður rómur að umgjörð og umhverfi ráðstefnunnar, en þema hennar var menningarstefna á jaðrinum, jaðarmenning og álitamál henni tengd. Við Háskólann á Bifröst er boðið upp á nám til MA gráðu í menningarstjórnun og tengjast rannsóknir setursins oft með beinum hætti við nám nemenda.

Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, er reglulegur álitsgjafi fjölmiðla í umfjöllunum um málefni líðandi stundar varðandi stjórnmál og efnahagsmál, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Hann gefur út bækur og greinar á sínu fagsviði sem jafnan vekja mikla athygli.

Dr. Njörður Sigurjónsson, prófessor í menningarstjórnun, stóð fyrir stórrí norrænni ráðstefnu um rannsóknir á menningarstefnu (NCCPR Nordic Conference on Cultural Policy Research) en ráðstefnan var nú haldin í níunda sinn og í fyrsta sinn á Íslandi. Þar komu um 100 fræðimenn víða að úr heiminum og var gerður góður rómur að umgjörð og umhverfi ráðstefnunnar. Auk þess að sinna rannsóknum á sínu sviði hélt Njörður lykilyrirllestur á ráðstefnu við Leiklistarakademiuna í Shanghai og leiddi námskeið í nýju meistaranámi í samstarfi Goethe stofnunarinnar og Leuphana háskólans í Þýskalandi.

Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent í menningarstjórnun, hefur stundað rannsóknir á leiðtogahæfni norrænna kvenna í tengslum við verkefnið Nordic Female Leadership (í samvinnu við Einar Svansson), The English Female Chorister (í samvinnu við Graham Welch og Evangelos Himonides, Institute of Education, University College London) og The Identity of the Middle Voices (í samvinnu við Pedro Santos Boia, Polytechnic University of Porto).

Dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon, dósent í stjórnmálafræði, birti grein í tímaritinu Lex Legalis í samvinnu við Dr. Itai Beerí við háskólann í Haifa, Ísrael. Greinin er einn afrakstur samanburðarrannsóknar á stjórnsýslu borganna Tel Aviv og Reykjavíkur sem þeir hafa unnið að undanfarin ár. Rannsóknarverkefnið var styrkt af Evrópusambandinu. Hann sinnti að auki starfi deildarforseta.

Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor, stundar doktorsnám í lögfræði við Fordham-háskóla í New York. Doktorsverkefni hennar fjallar um lagaumhverfi vogunarsjóða sem fjárfesta í skráðum félögum. Hún sinnti að auki starfi aðstoðardeildarforseta.

Dr. Francesco Macheda, dósent í stjórnmálahagfræði, birti greinar á sínu sérsviði og dvaldi við rannsóknir í Kína á haustönn í boði þarlandra stjórnvalda.

Unnar Steinn Bjarndal lektor og hæstaréttarlögmaður lauk á árinu LLM gráðu frá Edinborgarháskóla, en ritgerðin hans fjallaði um hatursorðræðu.



Frá NCCPR ráðstefnunni sem haldin var í ágúst 2019

Einar Karl Hallvarðsson, dósent og ríkislögmaður sinnti kennslu við lagadeild og tók þátt í starfi og þróun deildarinnar.

Deildin var styrkt með nýráðningu sumarið 2019, en þá kom til starfa Dr. Heather McRobie, en hún er doktor í lögum frá Oxford háskóla.

Viðskiptadeild

Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst er elsta deild skólans og býður upp á fjölbreyttar námslínur bæði í grunn- og meistaranámi.

Grunnnám:

BS nám í viðskiptafræði

BS nám í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti

BS nám í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti og samfélagsmiðla

BS nám í viðskiptafræði með áherslu á þjónustufræði

BS nám í viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu

BS nám í viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind

BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun

Meistaránám:

MS-MIB í alþjóðlegum viðskiptum

MS-MLM í forystu og stjórnun

MS-MLM í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun

MS-MLM í forystu og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun

MS-MLM í forystu og stjórnun með áherslu á þjónandi forystu

MS-MMM í markaðsfræði

Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Á árinu 2019 var mikil rannsóknarvirkni meðal akademískra starfsmanna í viðskiptadeild. Afraksturinn birtist m.a. í greinum, bókarköflum og þátttöku fjölmargra í ráðstefnum, bæði heima og erlendis. Áfram var unnið að erlendum samstarfsverkefnum svo sem við verkefnið „Design thinking“ og „iFemPower“ sem eru styrkt af Erasmus áætluninni. Þessi verkefni eru unnin í samstarfi fjölmargra háskóla víða um Evrópu. Verkefni eru til þriggja ára og leidd af Kára Joensen en Jón Snorri Snorrason og Jón Freyr Jóhannsson hafa unnið að þeim af hálfu Háskólans á Bifröst. Á árinu 2019 var unnið að gæðamati skólans. Þar verður m.a. fjallað um umbóta- og þróunarstarfi viðskiptadeildar, en skýrslan inniheldur

sérstakan aðgerðalista fyrir helstu umbótaverkefni komandi missera. Í gæðarmatshópnum sátu f.h. deildarinnar Einar Svansson lektor, Sigrún Lilja Einarsdóttir dósent og Jón Snorri Snorrason dósent, settur deildarforseti.

Uppbygging

Deildarforseti viðskiptadeildar er Sigurður Ragnarsson. Sigurður var í rannsóknarleyfi á árinu 2019 og var Stefán Kalmansson lektor staðgengill hans til 1. maí en þá tók við Jón Snorri Snorrason dósent. Fulltrúar kennara í deildarráði viðskiptadeildar voru Stefán Kalmansson (til 1. september) og Jón Snorri Snorrason en Brynjar Þór Þorsteinsson lektor frá 1. september. Á árinu 2019 voru auglýstar 2 stöður akademískra starfsmanna og voru ráðnar í þau störf þær Dr. Arney Einarsdóttir og Dr. Þóra Þorgeirsdóttir. Þannig eru nú 12 fastir starfsmenn deildarinnar og þar af eru 4 konur, sem allar hafa lokið doktorsprófi.



Útskriftarnemar frá viðskiptadeild vorið 2019

Háskólagátt

Nám í Háskólagátt er samkvæmt reglugerð nr. 1266/2013 um aðfaranám að háskólanámi og lögum um háskóla nr. 63/2006. Námskeiðin eru í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og útskrifast nemendur nú með þekkingu, leikni og hæfni sem samræmist þriðja hæfniprepi samkvæmt ISQF (Icelandic Quality Framework).

Til að eiga kost á að hefja nám í Háskólagátt þurfa nemendur að hafa lokið 140 f-einingum samkvæmt nógildandi einingarkerfi, sem jafngildir um það bil 85 einingum samkvæmt gamla einingakerfinu. Innan þessara 140 eininga verða umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti einum áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku. Ef umsækjandi uppfyllir ekki inntökuskilyrði en býr yfir töluverðri starfsreynslu gefst honum kostur á að leggja fram niðurstöður raunfærnimats sem metur jafngilda reynslu og menntun. Starfsreynsla er þó aldrei metin til fulls á við einingar. Nám í Háskólagátt er nú 62 f-einingar (framhaldsskóla einingar) en nemendum stendur einnig til boða að bæta við sig 15 f-einingum í kjarnagreinunum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði og útskrifast þá með allt að 77 f-einingum. Viðbótarnámið er hugsað fyrir nemendur sem vilja undirbúa sig sérstaklega fyrir háskólanám og þá



Útskriftarnemar úr Háskólagátt, vor 2019

sem þurfa að bæta við sig námsgreinum til að uppfylla sértæk inntökuskilyrði annarra háskóla. Nám í verslun og þjónustu er 40 f-eininga fagnám kennt á tveimur önnum. Nemendur geta bætt við sig allt að 62 f-einingum í Háskólagátt og uppfylla þá inntökuskilyrði í allar deildir háskólans.

Nemendur sem útskrifast með frumgreinapróf frá Háskólanum á Bifröst eiga þess kost að sækja um á undanþágu við alla háskóla landsins. Aðgangsviðmið eru breytileg eftir

deildum og sviðum skólana og þarf að hafa þau viðmið í huga þegar sótt er um aðgang að deildum háskólanna. Margar deildir, sérstaklega deildir innan Háskóla Íslands veita engar undanþágur frá stúdentsprófi.

Nám í Háskólagátt tekur tvær til fjórar annir og er lánshæft til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Nemendum gefst kostur á viðbótarnámi á sumarönn en nám á sumarönn er ekki lánshæft hjá LÍN.

Símenntun

Starfsemi símenntunar hefur dregist saman og var einungis Máttur kvenna á dagskrá vorið 2019. Vegna dræmrar þátttöku var ákveðið að bjóða ekki upp á Mátt kvenna á haustönn 2019.

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst sinnir rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrir atvinnulíf og samfélag, auk þess að vera akademískum starfsmönnum skólans ráðgefandi við umsóknir um rannsóknarstyrki og rannsóknarsamstarf. Rannsóknamiðstöðin sinnir einnig verkefnum fyrir innra starf skólans, t.d. fyrir framkvæmdastjórn og vegna úttekta og gæðastarfs Háskólans á Bifröst. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvar er Kári Joensen. Á vettvangi rannsóknamiðstöðvar tekur Háskólinn á Bifröst einnig þátt í starfi Félags íslenskra rannsóknastjóra ásamt fulltrúum héraðra háskóla og rannsóknastofnana. Vinna við samstarfsverkefni hélt áfram og var Háskólinn á Bifröst þátttakandi í 6 Erasmus+ samstarfsverkefnum á árinu, auk annarra verkefna sem fengu fjárstuðning úr sjóðum Evrópusambandsins, Uppbyggingasjóði EES o.fl. Má þar nefna verkefnið ACTA, fjármagnað af uppbyggingasjóði EES, í samstarfi við Háskólann í Craiova og Háskóla Íslands, sem miðar að því að þróa kennslufni þar sem sjónum er beint að lýðræðisvitund nemenda, með það að markmiði að styðja þá til áhrifa og aukinnar samfélagsþátttöku. Af Erasmus+ samstarfsverkefnum má nefna verkefnið iFemPower sem unnið er í samstafi við 8 aðra háskóla og fræðslustofnanir, frá 8 ólíkum Evrópulöndum. Verkefnið

iFemPower á margt skylt við námskeiðið „Máttur kvenna“ sem kennt hefur verið á Bifröst um árabil, og miðar að því að efla færni og þátttöku kvenna í frumkvöðlastarfsemi og rekstri fyrirtækja. Er markmiðið nálgast úr ólíkum áttum, með kennslu á háskólastigi, með einstaklingsmiðaðri leiðsögn (mentor kerfi) og með því að setja á fót ráðgjafarþjónustu fyrir konur sem hafa hug á að þróa eigin hugmyndir, stofna og reka sín eigin fyrirtæki. Annað Erasmus+ verkefni sem unnið var á árinu heitir DUCK (Data Understanding and Communication Knowledge) og er unnið í samstarfi við háskóla og fræðslustofnanir frá Póllandi, Spáni og Ungverjalandi. Samstarfshópurinn vinnur að því að þróa og útfæra kennslufni í greiningu og framsetningu tölulegra gagna, á aðgengilegan hátt, fyrir kennara og leiðbeinendur á sviði fagnáms og fullorðinsfræðslu. Þannig getur sú þjálfun svo skilað sér til nemendahópa þeirra, fólks sem oft hefur litla formlega menntun í greiningu gagna en sem þarf engu síður að svara kalli tímans því framboð og notkun á gögnum eykst hröðum skrefum í atvinnulífi dagsins í dag. Einu Erasmus+ verkefna skólans lauk á haustmánuðum 2019, verkefninu Interface, sem leitt var af Byggðastofnun á Íslandi og hafði það að markmiði að virkja frumkvöðlamátt og nýsköpun meðal fólks í dreifðari byggðalögum sem átt hafa undir högg að sækja vegna t.d. fólksfækkunar og fábreytni atvinnuvega. Námskrá Interface og kennslufni er nú aðgengilegt á vef, sem sjálfstætt tæki við þjálfun samfélagsráðgjafa og byggir að hluta til á aðferðum markþjálfunar. Samstarfsaðilar komu frá Grikklandi, Írlandi og Ítalíu auk þeirra íslensku.



Vinna við gæðamál og innra mat fagsvið skólans hélt áfram á árinu. Rannsóknamiðstöð vann að söfnun og greiningu gagna um gæði náms og kennslu við skólann. Slíkar kannanir gefa innsýn í þróun og gang skólastarfsins og eru mikilvægur liður í gæðastarfi skólans. Samstarfsnet Háskólans á Bifröst heldur áfram að þróast og ný tengsl vegna rannsókna myndast við háskóla í Evrópu. Þátttaka í verkefnum á vegum Uppbyggingarsjóðs EFTA heldur áfram, en ný styrkáætlun til ársins 2021 fer

af stað um þessar mundir. Áfram hefur verið sótt um ný samstarfsverkefni á háskólastigi og á sviði starfsmenntunar frá Erasmus+, Horizon 2020 og fleiri samkeppnissjóðum.

Þróunar- og alþjóðasvið


Þróunar- og alþjóðasvið fjallar um þrjá megin málaflokka; Rannsóknamiðstöðina og starfsemi hennar, alþjóðastarfsemi og þróun náms fyrir erlenda nemendur (í samstarfi við deildir). Um Rannsóknamiðstöðina er fjallað sérstaklega í þessari skýrslu.

Alþjóðastarfsemin var að mestu í svipuðu fari á árinu 2019 og undanfarin ár. Karl Eiríksson, alþjóðafulltrúi vann við málaflokkinn auk Löru Becker og Guðrúnar Olgu Árnadóttur.

Helstu viðfangsefnin voru:

Móttaka erlendra skiptinema. Á vorönn og haustönn 2019 komu 50 skiptinemar frá erlendum samstarfsháskólum til Háskólans á Bifröst. Erlendir skiptinemar búa á Bifröst og setja mikinn svip á samfélagið enda eru þeir orðnir stærri hluti þess eftir að nemendum búsettum á Bifröst hefur fækkað. Erlendir skiptinemar standa sig almennt vel í náminu sem boðið er uppá en þeir taka námskeið sem kennd eru á ensku.

Umsjón sem skiptinámi nemenda Háskólans á Bifröst erlendis. Á árinu 2019 voru 4 nemendur skólans erlendis. Eftirspurn nemenda Háskólans á Bifröst eftir skiptinámi erlendis hefur minnkað verulega eftir að fjarnámið varð ráðandi meðal nemenda skólans. Rætt hefur verið um hvernig auka megi kynningarstarf meðal nemenda til þess að hvetja þá til að nýta sér þennan möguleika.



Frá þorablóti fyrir skiptinema

Umsjón með námi erlendra greiðandi nemenda. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að laða erlenda greiðandi nemendur að Háskólanum á Bifröst. Áhersla á þennan þátt var aukin í framhaldi af stefnumótunarfundi í haustið 2017 þar sem línan var lögð um aukna áherslu á alþjóðavæðingu skólans. Á vorönn 2019 voru 3 erlendir greiðandi nemendur skráðir í nám í skólanum og 29 á haustönn. Þessir nemendur hafa einkum komið frá Bangladesh. Erfiðleikar

hafa verið í samskiptum við Útlendingastofnun vegna þessara nemenda og þeir hafa ekki átt greiða leið að því að fá landvistarleyfi og vegabréfsáritun þó samskiptin hafa reyndar verið að slípast nokkuð. Hins vegar hefur komið í ljós að þessum nemendum hefur ekki gengið vel í náminu á Bifröst og þeir hafa

ýmist horfið frá námi eða fengið lágar einkunnir þótt vissulega séu til góðar undantekningar á því. Ákveðið var að gera sérstaka úttekt á málefnum erlendra greiðandi nemenda eftir lotu 1 á vorönn 2020.

Umsjón með alþjóðlegum sumarskóla Háskólans á Bifröst. Sérstakt sumarnámskeið hefur verið haldið á Bifröst síðan 2016. Þetta þriggja vikna námskeið heitir „Sustainable Leadership“ og er fyrir erlenda nemendur. Það hefur verið kennt í júlí og ágúst. Erlendir gistikennarar hafa að mestu sinnt kennslu í námskeiðinu en þeir koma á styrkjum frá Erasmus+ eða Fulbright. Einar Svansson hefur haft faglega umsjón með námskeiðinu. Á námskeiðinu 2019 voru 27 nemendur.

Umsjón með sumarnámskeiði FOM. Þessi þýski háskóli býður nemendum sínum uppá að taka sumarnámskeið í háskólum í ýmsum löndum og er Háskólinn á Bifröst einn samstarfsskólanna. Námskeiðið var haldið í júní með 19 nemendum. Samstarf hefur verið við Háskólann á Bifröst um innihald námskeiðsins.

Sameiginlegt námskeið með Háskólanum í Coventry. Áhugavert samstarf hefur tekist við skólann um námskeið þar sem nemendur frá báðum skólum vinna sameiginlega verkefni á sviði nýsköpunar. Blandað er saman viðskiptaþekkingu frá Bifröst og tækniþekkingu frá Coventry. Bifrestingar hafa farið til Coventry í páskafríi og unnið þar með samstarfsmendum og þeir síðan komið á Bifröst og verkefnunum verið lokið með sérstakri kynningu. Þátttaka í þessu samstarfsverkefni hefur komið í stað misserisverkefnis.

Utánúthald um erlent tengslanet Háskólans á Bifröst, samstarf við Erasmus og Fulbright. Háskólinn á Bifröst hefur samstarfssamninga við 82 erlenda háskóla, þar af eru 66 Erasmus tengdir skólar. Auk nemendaskipta eru starfsmannaskipti og á árinu 2019 fóru 16 utan en skólin tók á móti 26 í erlendum starfsmannaskiptum.

Tveir akademískir starfsmenn, Brynjar Þór Þorsteinsson og Francesco Macheda koma að vinnu að þróun námsbrauta á ensku. Annars vegar er verið að þróa grunnám á ensku þar sem byggt er á því námi sem hefur verið í boði fyrir skiptinema og fyrsta markmiðið er formleg 60 ECTS diplóma gráða. Þessi gráða er nú í boði í tilraunaskyni. Hins vegar er meistaranám á ensku í þróun. Á vegum Félagsvísinda- og lagadeildar hefur verið unnið að því að breyta International Political Economy námsbrautinni á ensku í Nordics in the Global Society. Á vegum viðskiptadeildar er unnið að þróun meistaranáms á ensku í Servant Leadership

Þá hefur verið mikil vinna lögð í þróun samstarfs við Kaospilot skólann í Árósum og Hjallastefnuna. Annars vegar er verið að vinna í þróun diplómanáms í menntastjórnun á grunnstigi með Hjallastefnunni og Kaospilot. Hins vegar er unnið með Kaospilot og nýstofnuðu spænsku fyrirtæki, Educational Services, að því að námi í Kaospilot og öðrum menntastofnun geti tengst Háskólanum á Bifröst með þeim hætti að nemendur þessara stofnana útskrifist formlega frá Háskólanum á Bifröst. Slíkt samstarf getur opnað fyrir margvíslegt samstarf við erlendar menntastofnanir og aukið möguleika skólans.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar skólans skólaárið 2019 voru Jóhann Aðalsteinn Árnason frá 1. janúar til 31. júlí í 100% starfshlutfalli en Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir tók við 12. ágúst í 100% starfshlutfalli.

Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa

Kröfur sem gerðar eru til náms- og starfsráðgjafa eru að þeir geti tekist á við hvers konar vandamál sem nemendur koma með, unnið úr þeim eða vísað nemendum áfram svo þeir nái að vinna úr sínum málum á sem farsælastan máta. Því er mikilvægt að náms- og starfsráðgjafar hafi tilskylda menntun sem menntamálaráðuneytið fer fram á til að veita löggildingu, en það er liður í því að tryggja að nemendur fái faglega ráðgjöf. Náms- og starfsráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir eru málsvarar og trúnaðarmenn nemenda og skjólstæðinga þeirra og gefa ekki upp nöfn þeirra sem til þeirra leita. Náms- og starfsráðgjafar veita persónulega ráðgjöf vegna örðugleika er koma niður á árangri eða vellíðan í námi og geta nemendur sem reynist erfitt að standa sig í námi vegna áfalla eða erfiðleika í einkalífi rætt mál sín í trúnaði við þá.



Frá misserisvörnum 2019

Náms- og starfsráðgjafar veita nemendum ráðgjöf og miðla upplýsingum um möguleika og framboð á námi og störfum og veita einstaklingum sem stefna á nám við skólann ráðgjöf varðandi námsval. Þeir leiðbeina nemendum við að tileinka sér öguð vinnubrögð og tímastjórnun og sjá einnig um að leiðbeina og halda utan um þá nemendur sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda og um þau úrræði sem í boði eru hjá skólanum. Auk þessa veita þeir starfsmönnum stuðningsviðtöl og handleiðslu.

Námskeið

Aðstoð sem veitt er af náms- og starfsráðgjöfum fer fram í gegnum viðtöl, símaviðtöl, tölvupóst og námskeið. Árið 2019 voru námskeið um skipulögð vinnubrögð, tímastjórnun, markmiðssetningu, námstækni, lestrartækni, glósutækni, um prófundirbúning, próftöku og að takast á við prófkviða, sjálfstraust og vellíðan og sjálfsmynd og samskipti tekin upp og boðið upp á í gegnum Ugluna. Á vorönn var fyrirlestur um próftöku og prófkviða en á haustönn var fyrirlestur um tímastjórnun og markmiðasetningu fyrir nemendur á Bifröst og var það um tímastjórnun og markmiðasetningu.

Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2019 var náms- og starfsráðgjafi með viðveru á skrifstofu sinni á Bifröst alla virka daga fram í júní en frá og með 12. ágúst alla virka daga nema fimmtudaga. Nemendur gátu pantað tíma fyrirfram eða komið við og fengið viðtal ef ráðgjafi var laus þá stundina. Mikil breyting er á eðli samtalanna sem koma til náms- og starfsráðgjafa eftir að námið fór allt í fjarnám. Um 1440 erindi bárust í gegnum tölvupóst, 440 á vorönn en 950 á haustönn. Viðtöl á árinu voru 226 þar af 87 á vor og sumarönn en 144 á haustönn samkvæmt skráningum.

Bóka- og skjalasafn

Þórný Hlynsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur veitir bókasafni skólans forstöðu og er skjalastjóri.

Starfsemin

Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta var veitt í bókasafni skólans, útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og upplýsingakennsla.

Afgreiðsla safnsins var opin virka daga frá kl. 8.00 - 16.00.

Starfsemi bókasafnsins hefur verið með hefðbundnum hætti árið 2019. Safnkynningar hafa verið haldnar á nýnemadögum sem hafa gefist vel.

Safnkostur

Prentað efni

Áfram var haldið að byggja upp safnkostinn.

Töluvert er enn til af óskráðu efni frá Samvinnuskólanum og er reynt að skrá það eftir því sem tækifæri gefast.

Í árslok 2018 var heildarfjöldi titla í bókasafnskerfinu Gegni 19.947

Stafrænt efni

Háskólinn á Bifröst kaupir aðild að Landsaðgangi í samstarfi við önnur bókasöfn auk mennta- og menningarmálaráðuneytis. En þar er aðgangur að stærstu og bestu gagnasöfnum sem í boði eru, svo sem EBSCOhost, Karger, Britannica, ProQuest, SAGE, ScienceDirect, Scopus, SpringerLink, Wiley Online og Web of Science. Öll utan EBSCOhost eru leitabær í leitargátt bókasafna, Leitir.is og á vef Landsaðgangs Hvar.is

Til viðbótar kaupir skólinn aðgang til viðbótar að eftirtöldum vefmiðlum og gagnasöfnum:

Snara, veforðasafn

FonsJur.is

Gagnasafn Morgunblaðsins

DV

Viðskiptablaðið

Lögbirtingarblaðið

Stundin

Skemman.is er stafrænt varðveislusafn lokaritgerða sem rekin er í samstarfi íslenskra háskóla, frá Bifröst er fjöldi lokaritgerða orðinn 1.279 af þeim 32.000 lokaritgerðum sem þar eru varðveittar. Skemman hefur verið samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands sem gagnagrunnur og er eitt vinsælasta gagnasafn Íslendinga með tæplega 40 þúsund heimsóknir árið 2019.

Opin vísindi, opinvisindi.is er annað stafrænt varðveislusafn sem háskólar landsins reka í sameiningu, þar er unnið að því að varðveita og gera aðgengilegar allar rannsóknir íslenskra vísindamanna sem styrktar eru af almannafé í samræmi við stefnu skólanna um Opinn aðgang.

Rafbækur

Rafbókaveita frá ProQuest var tekin í notkun árið 2017, EbookCentral.

Keyptar hafa verið 80 bækur og eru þær skráðar jafnt og þétt í bókasafnskerfið til þess að þær séu aðgengilegar í gegnum Leitir.is

Rafbækurnar eru aðgengilegar öllum með bifrastarnetfang og er tengill í safnið af heimasíðu bókasafnsins, www.bifrost.is/thjonusta/bokasafn

Notkunartölur

Notkun á rafbókum fer hratt vaxandi, notkun á vorönn 2019 voru 167 heimsóknir en á haustönninni fóru þær í 367 sem gera 534 heimsóknir á árinu. Vinsælast er að hlaða niður köflum en sjaldnar að heilum bókum sé hlaðið niður. Heildarnotkun fyrra árs var 293 heimsóknir.

Heildar útlán prentaðs efnis voru 565 eintök, árið 2018 voru útlánin 581.

Til annarra safna voru lánaðar 46 bækur.

Í millisafnaláni voru útveguð 8 rit að láni og pantaðar 3 greinar/bókakaflar, alls 11 gögn.

Heimasíða bókasafnsins

Á heimasíðunni er reynt að miðla upplýsingum um þjónustu við nemendur og aðra rannsakendur. Leiðsinnt er við leit í gagnasöfnum, heimildaöflun og frágang heimilda og upplýsingar veittar um aðgengi að séráskriftum. Heimasíðan er í stöðugri vinnslu, en þörf er á stöðugu eftirliti með að upplýsingar þar úreldist ekki og séu réttar.

Samfélagsmiðlar

Á fésbókarsíðu bókasafnsins er miðlað upplýsingum um þjónustu, opnunartíma, heimildaleit, heimildaskráningu auk komu nýrra rita. Slóðin er: www.facebook.com/bokasafnHB

Samstarf við bókasöfn á Íslandi og erlendis

Verkefnastjórn Skemmunnar (PH)

Stjórnendur háskólabókasafna á Íslandi (PH)

Samráðshópur háskólabókasafna um rafbókakaup (PH)

Verkefnastjórn um opin vísindi (PH)

Upplýsingalæsis hópur háskólanna (PH)

Aefli, stjórn notendafélags bókasafnskerfisins Gegnis (PH)

Skjalastjórnun

Unnið hefur verið að því að ganga frá pappírsskjalasafni Samvinnuháskólans þannig að hægt verði að afhenda það Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu. Grisjunarheimild fyrir fylgiskjöl bókhalds frá tíma Samvinnuháskólans sem fundust í skjalageymslu skólans fékkst á árinu og þeim fargað á viðeigandi hátt.

Grisjunarheimild fékkst fyrir próf og prófaurlausnir en með þeim skilyrðum að varðveita allt frá árum sem enda á 0.

Grisjunarheimild fékkst einnig fyrir fylgiskjöl bókhalds með þeim skilyrðum að tekin væru sýni frá þremur mánuðum á árum sem enda á 0.

Skjalavistunaráætlun hefur verið samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands. Hún er vistuð í skjalakerfinu One í máli nr. 1510016

Skjalakerfið OneCRM

Málalykill Háskólans á Bifröst sem er samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands árið 2016 til 5 ára, 1. maí 2016 – 31.12.2020, er mikilvægur hlekkur í starfsemi skólans þar sem haldið er utan um gögn og skjöl sem viðkoma starfseminni. Allt starfsfólk fær leiðsögn til að byrja skjalavistun og skráningu skjala í One kerfið, en sífellt er þörf á eftirfylgni til að starfsmenn þjálfist í skjalavistun í daglegum störfum og læri á samspil One, Microsoft skrifstofupakka og tölvupóstsamskipta.

Á árinu 2019 bættust 388 mál í kerfið. Frá upphafi (2013 – 2019) hafa 1.478 mál verið skráð í One kerfið og tugþúsundir skjala og tölvupósta.

Umfang gagna í One kerfinu vex jafnt og þétt og þétt og brýnt er að loka málum sem búið er að afgreiða en það auðveldar notendum umgengni við kerfið að hafa ekki of mörg virk mál. Skjalastjóri reynir að loka

málum sem virðist vera lokið eða afgreidd og flokka skjöl til að greiða fyrir en æskilegra er að ábyrgðaraðilar mála gangi frá þeim sjálfir og gangi úr skugga um að öll málgögn, tölvupóstar og skjöl séu til staðar í málinu og flokkuð á réttan hátt.

Kennslu- og nemendaskrárkerfi

Árið 2019 var viðburðaríkt þegar kemur að kennslu- og nemendaskrárkerfum. Í raun voru tekin upp fjögur ný kerfi á árinu. Nemendaskrárkerfið Uglya, sem er í notkun í öllum opinberu háskólum landsins var tekið í notkun, en það er einnig nýtt sem innri vefur þar sem hinar ýmsu upplýsingar og skjöl eru geymd fyrir nemendur og starfsfólk. Kennslukerfið Canvas var tekið upp, þar fara öll samskipti kennara og nemenda fram. Kerfið er mikil framför frá MySchool, mun fleiri möguleikar eru á framsetningu námsefnis og er það mun notendavænna, bæði fyrir kennara og nemendur heldur en MySchool var. Eftir að Uglya var tekin í notkun var ákveðið að taka einnig upp nýtt prófakerfi, Upplýsingatæknisvið Háskóla Íslands mælti með kerfinu Inspira, en til staðar var brú á milli þess kerfis og Uglunnar. Ákvörðun um það var tekin í lok júní og voru fyrstu prófin keyrð í gegn um kerfið í byrjun september. Síðast en ekki síst má nefna Microsoft Teams sem hefur tekið við af Skype. Þar fara allir fundir nemenda og kennara fram, sem og munnleg próf fyrir þá sem ekki komast á staðinn. Allar kerfiseiningar eru áfram vistaðar og afritaðar á sýndarnetþjónum háskólans.

Samspil kerfanna hefur gengið vonum framar miðað við hversu margar breytingar urðu á stuttum tíma en kerfin eru öll komin í fulla notkun. Öll þessi kerfi hafa enn fremur styrkt stöðu skólans sem leiðandi skóla í fjarnámi, bæði héraðs og erlendis. Mikil tækifæri eru þó til staðar með tilkomu kerfanna, og eftir því sem að meiri reynsla kemst á kerfin, verður hægt að bæta námsupplifun nemenda enn frekar.



Frá undirritun samstarfssamnings milli HÍ og Bifrastar vegna Uglunnar

Við miðlun á margmiðlunarkennsluefni notar skólinn Echo360 hugbúnað og Studio sem er margmiðlunarkefi Canvas. Kennarar hafa fjölbreyttar leiðir til þess að taka upp efni, eftir því sem þeim finnst þægilegast, hægt er að nota Camtasia, sem er fullkomið upptöku og myndvinnsluforrit, og síðan eru upptökakerfi innbyggð bæði í Studio og Echo360 kerfin. Gert hefur verið átak í að útvega kennurum fullkomnari búnað til þess að taka upp hljóð í betri gæðum og hefur það skilað aukinni ánægju nemenda.

Háskólinn á Bifröst, notar eins og aðrir háskólar landsins, Turnitin hugbúnað til að aðstoða nemendur í meðferð heimilda og við skrif lokaverkefna. Kerfið tekur við öllum lokaverkefnum og fjölda verkefna, ber

saman við fyrri skil nemenda og gefur skýrslu um heimildarnotkun. Skólinn leiðir áfram samstarf háskólanna ásamt Landsbókasafni.

Starfsmenn deildarinnar sóttu ýmis námskeið og ráðstefnur á árinu.

Tölvuþjónusta

Hugbúnaður

Eins og fyrri ár, þá kemur hugbúnaður skólans að mestu frá Microsoft þ.e.a.s. Officepakinn og bókhaldskerfin, Adobe, Echo, Camtasia, Nepal ásamt minni byrgjum.

Prentþjónusta

Sú þjónusta kemur frá Nýherja (núna Origo) og hefur reynst vel. Samningurinn við þá var endurnýjaður vegna breytinga á magni útprentunar (fækkun nemenda í staðnámi leiðir til minni útprentunar).

Netumhverfi

Uppsetning á skápum fyrir 1GB switchana víðs vegar um skólann gengur vel. Stefnt er að því að það klárast á árinu 2020. Búið er að setja upp (sýndar)netþjón sem hýsir launakerfi (H3) skólans. Það kerfi er frá Advania. Uppfærslur á aðalnetþjónum og afritunarþjónum voru skoðuð og yfirfarin. Ákveðið var að forgangsraða og skipta út afritunarþjónum en bíða í að minnsta kosti eitt ár með að uppfæra aðalnetþjóna skólans, til að dreifa kostnaði við þessar uppfærslur. Búið er að gera samning við Wise um uppfærslur og rekstur á bókhaldskerfi og sú vinna er farin af stað. Verið er að skoða hvað það kostar að uppfæra diskastæðu sem er að verða 10 ára gömul, og beðið eftir því að fá verðtilboð. Unnið er að því að meta og skipuleggja hvað þarf að uppfæra og endurnýja eins og öll ár. Það er að verða ansi brýnt að endurnýja öryggiskerfið (hurðaöryggiskerfið). Núverandi kerfi er keyrt á 20 ára gömlum netþjónum og orðið ansi þreytt.

Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningarstarf var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2019.

Á árinu 2019 voru starfsmenn markaðssviðs framkvæmdastjóri markaðssviðs, samskiptastjóri og margmiðlunarhönnuður.

Háskóladagurinn

Háskólinn á Bifröst tók þátt í Háskóladeginum þann 2. mars 2019 en dagurinn er árlegur viðburður allra háskóla landsins. Háskólarnir standa saman að undirbúningi og kynningum fyrir daginn en markmiðið með honum er að kynna námsframboð á háskólastigi. Háskólinn á Bifröst var að þessu sinni með veglega aðstöðu í Háskóla Íslands en einnig með bás í Háskólanum í Reykjavík. Dagurinn heppnaðist vel og var mikil umferð af fólki um básana, sérstaklega í Háskóla Íslands. Að háskóladegi loknum héldu fulltrúar allra skólanna í sameiginlega hringferð um landið þar sem framhaldsskólar í öllum landshlutum voru heimsóttir. Á þeim kynningum voru nemendur skólans frá þeim landshluta sem heimsóttur var hverju sinni. Ferðin var skipulögð af markaðssviði skólans.



Frá Háskóladeginum 2019

Markaðsstarf

Yfir árið heimsóttu nokkrir framhaldsskólar skólann og var vel tekið á móti hópum af nemendum á staðnum sem kynntu þeim staðinn og námsframboð. Markaðssvið hefur átt í góðu samstarfi við nemendur í öllum kynningum á skólanum og er framlag þeirra mikilvægt í kynningarstarfinu. Auglýsingar frá skólanum voru birtar í útvarpi, vefmiðlum, kvikmyndahúsum og samfélagsmiðlum. Markaðsherferðir skólans voru keyrðar á tímabilinu apríl- júní og nóvember - desember. Enn meiri áhersla var lögð á auglýsingar í samfélagsmiðlum. Herferðin apríl - júní var í umsjón stafrænu auglýsingastofunnar SAHARA. Fyrir nóvember - desember herferðina var leitað til verktaka, Atla Björgvinssonar, sem er sérfræðingur á sviði stafrænnar markaðssetningar og fyrrum nemandi skólans. Sú ákvörðun hefur reynst vel og skilaði met fjölda umsókna fyrir vorönn 2020.

Nýjar sjónvarpsauglýsingar voru framleiddar og teknar í gagnið vorið 2019. Um framleiðsluna sá framleiðslufyrirtækið Obbosí. Þessar auglýsingar eru fjárfesting til næstu þriggja ára.

Haldið var áfram vinnslu myndbanda jafnt og þétt yfir árið með viðtölum við útskrifaða Bifrestinga í atvinnulífinu sem og viðtölum við núverandi nemendur. Fjöldmörg myndbönd litu dagsins ljós í þessari vinnu og eru þau aðgengileg bæði á heimasíðu og samfélagsmiðlum skólans.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst

Stjórn nemendafélagsins á skólaárinu 2019-2020 skipuðu:

Formaður: Leifur Finnbogason

Fjármálastjóri: Ásmundur Ásmundsson, síðar Bjarni Heiðar Halldórsson

Hagsmunafulltrúi: Bjarni Heiðar Halldórsson, síðar Hafdís Jóhannsdóttir

Markaðs- og viðburðastjóri: Myrthe Duinhof (út desember 2019, síðan enginn)

Ritari: Jóhann Benedikt Eðvarðsson

Starfsár nýrrar stjórnar hófst í kjölfar kosninga sem fóru fram um miðjan maímánuð. Tveir nemendur frá fyrra starfsári héldu áfram í stjórn Nemendafélagsins, þeir Ásmundur Ásmundsson og Leifur Finnbogason.

Lögð var áhersla á að byrja skólaárið af krafti til að gefa nýjum fjarnemum góða ástæðu til að koma á Bifröst yfir skólaárið. Það tókst vel og voru fjarnemar mun frekar þátttakendur í félagslífinu á svæðinu en á fyrra skólaári. Einnig var haldið áfram að vinna að því að bæta aðstöðu Nemendafélagsins. Sömuleiðis tók Nemendafélagið áfram þátt í starfsemi Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) ásamt öðrum stúdentafélögum landsins.

Viðburðanefnd var eins og á fyrra ári eingöngu mönnuð skiptinimum og gekk það vel. Einnig gerðist það í fyrsta sinn að skiptinemi sat í stjórn Nemendafélagsins, nú á haustönn. Það kom þó því miður ekki til af góðu – enginn annar fékkst í embættið. Ásmundur og Myrthe sinntu sínum hlutverkum á haustönn og þurftu þá frá að hverfa. Þá voru haldnar kosningar á miðju skólaári og færðist Bjarni Heiðar þar úr embætti hagsmunafulltrúa í embætti fjármálastjóra og Hafdís tók við embætti hagsmunafulltrúa. Síðari hluta skólaársins starfaði félagið svo án markaðs- og viðburðastjóra þar sem enginn fékkst í það hlutverk. Viðburðir vorannar gengu þó vel fyrir sig, á meðan viðburðir voru leyfðir, með dyggri aðstoð skiptinema.

Seinni hluti vorannar var skiljanlega skrýtinn, í ljósi Covid-19-faraldursins, og voru engir viðburðir haldnir eftir að samkomubann var sett á. Nemendafélagið gekk þá í að reyna að skilja aðstæður nemenda á þeim skrýtnu tímum til að geta unnið út frá því í hvaða aðstæðum nemendur væru. Í því samhengi gerði félagið könnun meðal nemenda um líðan og aðstæður á tímum Covid-19 og gat miðlað þeim niðurstöðum til skólans.

Kosningar fyrir næsta starfsár verða svo haldnar rafrænt um miðjan maí, og vonar núverandi stjórn að það verði ekki mannekla í stjórn enn eitt árið.

Hollvinasamtök Bifrastar

Allir þeir sem hafa útskrifast frá Samvinnuskólanum, Samvinnuháskólanum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Bifröst verða sjálfkrafa meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar nema að viðkomandi óski sérstaklega eftir því að verða það ekki. Aðrir sem geta orðið meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar eru núverandi og fyrrverandi starfsmenn skólans. Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru meðal annars að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra sem bera hag skólans fyrir brjósti, að styðja við uppbyggingu og að efla skólastarfið á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn skólans og fulltrúaráð. Hollvinasamtökin eru með heimasíðu þar sem helstu upplýsingar eru að finna. Einnig halda samtökin úti Facebook-síðu þar sem sjá má fréttir frá Bifröst, fréttir af Bifrestingum og svo er hægt að senda inn fyrirspurnir og gefa góð ráð. Á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar 2014 var stofnaður Hollvinasjóður Bifrastar. Megintilgangur sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að efla og auka veg háskólans, m.a. með því að leggja skólanum til fjármagn til skilgreindra ákveðinna verkefna. Skilgreint fyrsta verkefni sjóðsins var viðhald á eldra húsnæði skólans, hátíðarsal og Kringlu. Það er fjáröflunin sem ræður hverju sinni hvað skuli framkvæma næst, allt í samráði við stjórn skólans og stjórnendur.

Í stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar eru:

Aðalfulltrúar:

Óli H. Þórðarson formaður

Þorvaldur T. Jónsson ritari

Viðar Þorsteinsson gjaldkeri

Varafultrúar:

Hallur Jónasson

Finnbjörn Börkur Ólafsson

Það er trú samtakanna að öflug Hollvinasamtök geti ekki bara orðið skólanum til góðs heldur öllum Bifrestingum, bæði þeim sem nú stunda nám við skólann og þeim sem hafa lokið námi. Samvinna og tengslanet er eitt af því dýrmætasta sem nemendur við skólann taka með sér út í atvinnulífið. Auk þessa þarf að halda tengslanetinu við og er það best gert með samvinnu í anda þess sem kennt hefur verið í skólanum um árabíl.

Í stjórn Hollvinasamtaka Bifrastar sátu eftirtaldir einstaklingar á árinu 2019:

Aðalfulltrúar:

Hallur Jónasson formaður

Sigtryggur Arnþórsson varaformaður

Bryndís Bessadóttir ritari

Jóna Dóra Ásgeirsdóttir gjaldkeri

Aðalsteinn Egill Traustason meðstjórnandi

Ásmundur Ásmundsson, tilnefndur af nemandafélagi Háskólans á Bifröst

Þórir Páll Guðjónsson, tilnefndur af rektor Háskólans á Bifröst

Varafultrúar:

Böðvar Sigurbjörnsson

Arnar Snær Pétursson



Ársreikningur 2019


Ársreikningur 2019

Allar tölur í milljónum króna


Rekstrarreikningur	2019	2018	2017	2016
Rekstrartekjur	936,1	844,0	820,6	796,2
Rekstrargjöld	876,0	788,2	725,7	779,8
Rekstrarafgangur (-tap)	60,1	55,8	94,9	16,4
Afskriftir	19,1	23,3	23,1	21,0
Fjármagnsliðir	23,9	29,1	37,8	44,9
Hagnaður (-tap) ársins	17,1	3,4	34,0	(49,5)
Eignir				
Fastafjármunir	279,0	296,3	299,8	386,3
Veltufjármunir	70,1	54,8	182,6	106,4
Eignir samtals	349,1	351,1	482,4	492,7
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé	(150,0)	(167,1)	(170,4)	(204,4)
Langtímaskuldir	270,1	276,8	369,7	377,9
Skammtímaskuldir	229,0	241,4	283,1	319,2
Eigið fé og skuldir samtals	349,1	351,1	482,4	492,7

Tölulegar upplýsingar


Fjöldi nemenda eftir deildum 2019												
	Virkir nemendur						Útsrifaðir nemendur			Nýnemar		
	Heildar - fjöldi	KK	KVK	KK	KVK	Meðal -aldur	Heildar - fjöldi	KK	KVK	Heildar - fjöldi	KK	KVK
Viðskiptadeild	449	135	314	30%	70%	36	84	31	53	213	67	146
Félagsvísindi	152	39	113	26%	74%	38	29	13	16	66	17	49
Lögfræði	112	46	66	41%	59%	38	18	8	10	46	18	28
Opið nám	20	2	18	10%	90%	39	Á ekki við			7	2	5
Skiptinám	111	72	39	65%	35%	25	Á ekki við			122	68	54
Sumarskóli	27	6	21	22%	78%	24	31	6	13	30	7	23
Háskólanám	871	300	571	34%	66%	-	181	66	115	503	185	318
Háskólagátt	85	37	48	44%	56%	33	31	5	26	39	20	19
Símenntun	17	0	17	0%	100%	46	13	0	13	14	0	14
Samtals	973	337	636	35%	65%	-	225	71	154	556	205	351



Kynjaskipting allra nemenda 2019




Nemendur eftir námsstigum 2019



Nemendur eftir námsstigi 2019 - grunn- og meistaranám

Viðskiptadeild	Virkir nemendur					Útskrifaðir nemendur			Nýnemar		
	Heildar fjöldi	KK	KVK	KK	KVK	Heildar fjöldi	KK	KVK	Heildar fjöldi	KK	KVK
Grunnnám	210	88	122	42%	58%	37	14	23	107	47	60
Meistaránám	239	47	192	20%	80%	47	17	30	106	20	86
Samtals	449	135	314	30%	70%	84	31	53	213	67	146
Lögfræði											
Grunnnám	77	31	46	40%	60%	8	4	4	31	11	20
Meistaránám	35	15	20	43%	57%	10	4	6	15	7	8
Samtals	112	46	66	41%	59%	18	8	10	46	18	28
Félagsvísindi											
Grunnnám	116	35	81	30%	70%	19	11	8	47	14	33
Meistaránám	36	4	32	11%	89%	10	2	8	19	3	16
Samtals	152	39	113	26%	74%	29	13	16	66	17	49
Háskólagátt	85	37	48	44%	56%	31	5	26	39	20	19
Símenntun	17	0	17	0%	100%	13	0	13	14	0	14
Sumarskóli	27	6	21	22%	78%	31	8	23	30	7	23
Skiptinemar	111	72	39	65%	35%	Á ekki við			122	68	54
Opið nám	20	2	18	10%	90%	Á ekki við			7	2	5
Samtals	973	337	636	35%	65%	225	71	154	556	205	351

Útskrifaðir nemendur með háskólagráðu 2019



Starfsfólk

Í árslok 2019 voru 45 starfsmenn við störf við Háskólann á Bifröst. Í árslok 2018 voru þeir 42.

Á árinu 2019 störfuðu 97 stundakennarar við skólann, þar af voru konur 54 eða 55,7 %.

	Heildarfjöldi	kk	kvk	%kk	%kvk
Háskólaskrifstofa	19	7	12	36,8%	63,2%
Viðhald, ræsting og öryggisvarsla	4	1	3	25,0%	75,0%
Fastráðnir akademískir starfsmenn	18	12	6	66,7%	33,3%
Önnur menntastarfsemi	1	0	1	0,0%	100,0%
Þróunar- og alþjóðasvið	3	2	1	66,7%	33,3%
Samtals	45	22	23	48,9%	51,1%



Háskólinn á Bifröst

311 Borgarnes

Sími: +345 433 3000

Fax: +354 433 3001

bifrost@bifrost.is

www.bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY